

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, föstudaginn 30. júní 2017, í máli nr. E-2458/2016:

**Bergvin Oddsson**

*(Helga Björg Jónsdóttir hdl.)*

**gegn**

**Halldóri Sævari Guðbergssyni**

**Baldri Snæ Sigurðssyni**

**Rósu Maríu Hjörvar**

**Lilju Sveinsdóttur**

**Guðmundi Rafni Bjarnasyni**

**og**

**Rósu Ragnarsdóttur**

*(Dániel Isebarn Ágústsson hrl.)*

Mál þetta er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, með stefnu birtri fyrir stefndu þann 9. og 10. ágúst 2016, um þingfestingu málsins þann 1. september 2016. Málið var dómtekið þann 13. júní 2017 að loknum málflytningi.

Stefnandi er Bergvin Oddsson, Reykjavík.

Stefndu eru: Halldór Sævar Guðbergsson, Baldur Snær Sigurðsson, Rósa María Hjörvar, Lilja Sveinsdóttir, Guðmundur Rafn Bjarnason, og Rósa Ragnarsdóttir.

Stefnandi gerir þær dómkröfur á hendur stefndu: „Að eftirfarandi ummæli, í staflíðum a og b., sem stefndu viðhöfðu um stefnanda í ályktun sem birt var opinberlega á heimasíðu Blindrafélagsins, blind.is þann 22. september 2015 verði dæmd dauð og ómerk:

- a. *vélað ungan félagsmann til að leggja allt sitt sparifé í fasteignabrásk honum tengt.*
- b. *þá hefur formaður með athæfi sínu misnotað vald sitt og brugðist trausti þessa unga félagsmanns og þar með sýnt af sér siðferðilegt dómgreindarleysi.*

Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda óskipt 1.800.000 krónur í miskabætur með 4,7% vöxtum, skv. 4. gr. laga nr. 38/2001, sbr. og 8. gr. sömu laga, frá 22. september 2015 til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, sbr. og 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess að stefndu greiði stefnanda óskipt, 500.000 krónur, til að kosta birtingu dóms í málinu, þ.e. forsendur og niðurstöðu dóms í málinu í

tveimur dagblöðum, sbr. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Til vara er krafist birtingarkostnaðar að álitum.“

Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda óskipt málskostnað samkvæmt mati dómsins að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndu gera öll þá kröfu að vera sýkn af dómkröfum stefnanda í málinu.

Þá krefjast stefndu þess öll að þeim, hverju og einu, verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

## I

### *Málavextir*

Á stjórnarfundum Blindrafélagsins þann 22. september 2015, var samþykkt eftirfarandi ályktun sem birt var sama dag á vefsíðu Blindrafélagsins, blind.is.: „Í ljósi alvarlegs trúnaðarbrests sem upp er kominn á milli formanns Blindrafélagsins og stjórnar þess, þá lýsir stjórn félagsins yfir vantrausti á formann. Málsatvik eru þau að formaður félagsins hefur nýtt sér vettvang þess til að véla ungan félagsmann til að leggja allt sitt sparifé í fasteignabrask honum tengt. Mál sem er komið í hendur á lögmanni. Að mati stjórnar félagsins þá hefur formaður með athæfi sínu misnotað vald sitt og brugðist trausti þessa unga félagsmanns og þar með sýnt af sér siðferðilegt dómgreindarleysi. Mikilvægt er að halda því til haga að ekki er um að ræða fjármuni Blindrafélagsins í þessu máli. Stjórn félagsins samþykkir jafnframt að rifta ráðningarsamningi formanns. Þá afturkallar stjórn félagsins skipun formanns sem fulltrúa félagsins í ráð og nefndir. Stjórn Blindrafélagsins boðar ennfremur til félagsfundar miðvikudaginn 30. september til þess að kynna málið fyrir félagsmönnum.“

Ályktunin samþykkt af öllum stjórnarmönnum, nema stefnanda.

Stjórnarfundinn þann 22. september 2015 sátu: stefnandi sem stjórnarformaður, stefndu Halldór Sævar varaformaður, Rósa María gjaldkeri, Lilja Sveinsdóttir ritari, Baldur Snær meðstjórnandi, Guðmundur Rafn varamaður, Rósa Ragnarsdóttir, varamaður og þá sat einnig fundinn Kristinn Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri Blindrafélagsins. Mun sú hefð hafa skapast í stjórn Blindrafélagsins að varamenn sitji alla stjórnarfundum.

Upphaf þessa máls má rekja til þess að A, varamaður í stjórn Blindrafélagsins, sem var forfallaður á framangreindum fundum, hafði þann 19. september 2015 rætt við framkvæmdastjóra félagsins um málefni er tengdust B, sem A rak ásamt stefnanda og föður hans, en auk þess hafði varaformaður þá haft veður af málinu. Fram kom hjá A fyrir dómi að áhyggjur hans hafi varðað þróun á rekstri félagsins sem hafði ekki verið í samræmi við það sem hann hafði ætlað. Taldi hann að honum hefði einungis borið að leggja fram stofnframlag við stofnun félagsins og að ekki yrði um frekari greiðslur af hans hálfu að ræða. Þegar stefnandi hafi síðan krafðið

hann um tvær greiðslur í júlí og ágúst 2015, og boðað frekari fjárútlát, hafi hann fengið bakþanka, orðið áhyggjufullur út af fjárframlagi sínu og viljað losna út úr félaginu, en stefnandi hefði ekki getað veitt honum fullnægjandi svör þegar eftir því hefði verið leitað. Með þær áhyggjur fór A til framkvæmdastjóra Blindrafélagsins.

Í framhaldi af þessu munu hafa átt sér stað nokkur símasamskipti á milli framkvæmdastjórans og stefndu auk þess sem sömu aðilar hittust á óformlegum fundi þann 21. september 2015. Á þeim fundi voru lögð fram gögn um tölvupóstsamskipti stefnanda og A og afrit af greiðslum A, auk þess sem búið var að afla vottorðs frá hlutafélagsskrá um B. Þá kom fram fyrir dómi að á þeim fundi hefðu verið mótuð drög að framangreindri ályktun sem birt var þann 22. september 2015. Hafi þess verið gætt af hálfu stefndu að stefnandi fengi ekki veður af framangreindum samskiptum eða upplýsingum.

Á stjórnarfundinum þann 22. september 2015, hófust fundarhöld með því að varaformaður stjórnar gerði tillögu að því að fyrst yrðu teknar til umræðu upplýsingar sem hann hefði undir höndum, sem fælu í sér að mjög alvarlegur trúnaðarbrestur væri kominn upp milli formanns og stjórnar, ef réttar væru. Gerði stefnandi ekki athugasemd við að þau mál yrðu rædd.

Í bókun fundargerðar þann dag er í upphafi rakið að ungur félagsmaður sem nýlega hafi misst nánast alla sjón á skömmum tíma hafi „óskað eftir að félagið aðstoðaði hann við að ná til baka (fjármunum) sem hann sagði að formaður Blindrafélagsins hafi haft út úr sér“. Stefnandi rakti sína hlið málsins á fundinum en hafði eðli málsins samkvæmt ekki gögn til að leggja fram og óskaði ekki eftir fresti til að leggja fram gögn. Upplýsti hann að hann teldi, að öðru leyti kæmi þetta stjórn Blindrafélagsins ekki við.

Í framhaldi af þessu var frekari dagskrárliðum stjórnar frestað og var ályktun stjórnar fullmótuð og birt sama dag. Boðað var til félagsfundar Blindrafélagsins þann 30. september 2015 þar sem ræða skyldi framkomna ályktun og vantraust. Með fréttatilkynningu, dags. 23. september 2015, hafnaði stefnandi þeim ásökunum sem hann taldi á sig bornar í ályktun stjórnar Blindrafélagsins.

Á félagsfundinum þann 30. september 2015 var ekki tekin ákvörðun um vantraust meirihluta stjórnar/stefndu gegn stefnanda en ákveðið að stefnandi myndi stíga til hliðar og fara í leyfi og að aðalfundi yrði flýtt. Þá var ákveðið af félagsfundi að setja á stofn sannleiksnefnd sem skipuð yrði utanaðkomandi aðilum. Hlutverk þeirrar nefndar væri að fara yfir og skila skýrslu um þann mikla ágreining sem kominn var upp innan Blindrafélagsins. Nefndin átti að leggja mat á öll gögn tengd atvikum, sem leiddu til þess að meirihluti stjórnar og varastjórnar Blindrafélagsins lýsti yfir vantrausti á stefnanda sem formann félagsins á stjórnarfundum þann 22. september 2015.

Nefndin var skipuð þeim Gesti Páli Reynissyni, stjórn mála- og stjórn sýslufræðingi, Helgu Baldvins og Bjargardóttur, lögfræðingi og sérfræðingi í málefnum fatlaðs fólks hjá Stígamótum og Salvöru Nordal forstöðumanni Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Skýrsla sannleiksnefndarinnar ber heitið „Skýrsla um tilefni og málsmeðferð vegna vantrausts stjórnar á formann félagsins, sem samþykkt var á fundi stjórnar þann 22. september 2015“. Skýrslan er 51 blaðsíða og var birt í febrúar 2016.

Í niðurstöðum skýrslunnar segir að það sé mat nefndarinnar að stjórnin hafi farið offari með framgöngu sinni. Sé andmælaréttur bæði grundvallarregla íslensks réttar og grunnur mannglegra samskipta. Hafi stjórnin haft takmarkaðar upplýsingar undir höndum sem í besta falli hafi verið hægt að útskýra sem viðskiptalegan ágreining en í versta falli sem fjárhagslega misnotkun formanns Blindrafélagsins gagnvart yngri félagsmanni. Svo virtist sem flestir stjórnarmenn hafi tekið ákvarðanir út frá verstu mögulegu niðurstöðu án þess að gefa stefnanda almennilegt tækifæri til þess að útskýra sína hlið eða að undirbúa sig fyrir fundinn 22. september 2015.

Þá segir í einnig í skýrslu sannleiksnefndar að sama eigi við um ályktun þá sem birt hafi verið á heimasíðu Blindrafélagsins í kjölfar fundarins. Þar sé notast við harkalegt orðalag þar sem formaðurinn sé meðal annars sakaður um að hafa „vélað ungan félagsmann til viðskipta“. Þetta orðalag geti sannleiksnefndin ekki fallist á í ljósi þess að viðkomandi einstaklingur sé lögráða og því bæði sjálfráða og fjárráða.

Ekki verður rakið frekar efni nefndrar skýrslu og eru málsaðilar ekki á eitt sáttir um niðurstöðu hennar en benda þó báðir á ýmislegt í henni máli sínu til stuðnings. Ljóst er þó af þeirri skýrslu að ágreiningur og samskiptaörðugleikar voru með málsaðilum innan stjórnar Blindrafélagsins á árinu 2015 þegar ályktunin var gerð.

Stefnandi sendi stefndu bréf, dags. 16. febrúar 2016, þar sem fram kom að ef stjórn Blindrafélagsins myndi biðja stefnanda opinberlega afsökunar væri hann tilbúinn að eiga samtal um það, að öðrum kosti væri hann knúinn til þess að fara dómstólaleiðina með málið. Með svarbréfi stjórnar Blindrafélagsins, dags. 26. febrúar 2016, var erindi stefnanda hafnað.

Stefnandi lagði fram með stefnu meðal annars afrit fréttatilkynningar hans, dags. 23. september 2015, afrit af frétttaflutningi málsins í dagblöðum, bréf lögmanns hans til stjórnar Blindrafélagsins, dags. 28. september 2015, skýrslu sannleiksnefndar, bréf lögmanns hans til stjórnar Blindrafélagsins dags. 16. febrúar 2016 og svarbréf stjórnar Blindrafélagsins dags. 26. febrúar 2016, samning um uppgjör láns milli B og A, dags. 28. september 2015, dagbókarfærslur vegna B og afrit kaupsamninga þess félags.

Stefndu lögðu meðal annarra gagna fram, afrit af millifærslum A inn á bankareikning stefnanda, færslur af reikningi B, vottorð úr hlutafélagaskrá um nefnt félag, stofnskrá B, bréf A til stefnda, dags. 22. september 2015, tölvuskeyti á milli stefnanda og A og lögmanna þeirra, fasteignamatupplýsingar og vottorð frá augnlækni og sálfræðingi A.

Fyrir dóminn komu stefnandi og stefndu og gáfu aðilaskýrslur. Þá gáfu vitnaskýrslur Oddur Magni Guðmundsson, faðir stefnanda, Hólmar Guðmundsson, endurskoðandi og föðurbróðir stefnanda, Theodór Siemsen Sigurbergsson löggiltur endurskoðandi og eigandi Grant og Thornton, og Kristinn Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri Blindrafélagsins. Þá gaf A símaskýrslu fyrir dómnum.

## II

### *Málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi byggir ómerkingarkröfu sína á því að stefndu beri ábyrgð á hinum umstefndu ummælum í staflíðum a og b, sem þau viðhöfðu um stefnanda og birt voru á heimasíðu blind.is, á grundvelli 1. mgr. 51. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011, sbr. og til hliðsjónar 234. gr., 235. gr., 1. og 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá byggir stefnandi á því að stefndu hafi með hinum umstefndu ummælum vegið með alvarlegum hætti að æru stefnanda. Í ummælunum notist stefndu við einkar harkalegt og óvægið orðalag þar sem stefnandi sé meðal annars sakaður um að hafa *vélað ungan félagsmann* til viðskipta í fasteignabraski honum tengdum og þannig að mati stjórnarinnar misnotað vald sitt sem formaður og brugðist trausti þessa unga félagsmanns. Með þess hafi hann sýnt af sér siðferðilegt dómgreindarleysi. Ummælin í staflíðum a og b eigi sér enga stoð í raunveruleikanum í ljósi þess að A, sé lög-, sjálf- og fjárráða einstaklingur, ásamt því að hann hafi haft móður sína sér við hlið sem vottaði þar skjöl á umboðum sem A veitti sameigendum sínum til kaupa og sölu á fasteignum. Hið rétta sé að umræddur félagsmaður hafi af fúsum og frjálsum vilja ákveðið að taka þátt í stofnun fyrirtækis með stefnanda og föður hans. Stefnandi hafi engum blekkingum beitt né sýnt af sér háttsemi sem jafna megi við misneytingu. Stefnandi hafi einungis verið að stunda heiðarleg viðskipti í samstarfi við föður sinn og A og sé því enginn fótur fyrir svo svívirðilegum ummælum stefndu.

Að mati stefnanda gefi það augaleið að stefndu, höfðu það eitt að markmiði með framferði sínu að koma höggi á stefnanda með þungum aðdróttunum og ekki skeytt eigi um æru og mannorð stefnanda. Þá hafi andmælaréttur hans verið virtur að vettugi og honum hvorki gefinn kostur á að gefa skýringar á sinni hlið málsins né að leggja fram gögn máli sínu til stuðnings. Sérstaklega sé brýnt að virða rétt til

að verjast ásökunum þegar um svo þungar sakir sem þessar sé að ræða.

Eins og fram kom í skýrslu sannleiksnefndarinnar þá hafi það verið mat nefndarinnar að stjórnarmenn hafi tekið ákvarðanir út frá verstu mögulegu niðurstöðu án þess að gefa stefnda færi til andsvara og undirbúnings fyrir stjórnarfundinn 22. september 2015. Stefndu hafi ekki velt öðrum kostum fyrir sér til að leysa málið, þess í stað hafi stefnandi verið leyndur vitneskju um málið, þar til á ofangreindum stjórnarfundum þar sem vegið hafi verið svo stórlega að stefnanda úr launsátri. Stefnandi taki undir með sannleiksnefndinni, og hann telur að stefndu hafi með framgöngu sinni farið offari og sakað stefnanda um alvarlega háttsemi, án þess að nokkur fótur væri fyrir ásökunum. Hafi stefndu meira að segja gengið svo langt að ásaka hann um refsiverða háttsemi, sbr. orðalagið í staflið a í kröfugerð stefnanda.

Stefnandi bendir á að samkvæmt skýrslu sannleiksnefndarinnar hafi stefnanda sem formanni Blindrafélagsins og A sem varamanni stjórnar ekki verið skylt á grundvelli gildandi laga eða reglna Blindrafélagsins að upplýsa stjórn þess um viðskiptatengsl sín. Það hafi heldur ekki verið hlutverk stjórnar Blindrafélagsins að hafa vit fyrir þeim í viðskiptum. Stefnanda hafi því ekki borið skylda til að gefa upp eigin fjárhags- eða hagsmunatengsl, hvorki við félagsmenn Blindrafélagsins né aðra. Stefnandi hafi ekki brotið af sér í starfi sem formaður Blindrafélagsins í ljósi þess að ekki hafi átt sér stað trúnaðarrestur af hans hálfu.

Stefnandi telur hin umstefndu ummæli í stafliðum a og b, sem stefndu létu falla í ályktun stjórnar, algjörlega úr lausu lofti gripin. Með þeim fullyrðingum sé verið að væna stefnanda um refsivert athæfi, sem fyrr greini. Hin umstefndu ummæli séu ósönn, óviðurkvæmleg og rætin og til þess fallin að varpa rýrð á mannorð stefnanda. Þá hafi þau tekið mjög á hann andlega. Hagsmunir stefnanda af því að fá ummælin dæmd dauð og ómerk séu miklir, enda hafa ummælin valdið honum verulegum álitshnekki bæði innan Blindrafélagsins og samfélagsins alls, vegna mikillar dreifingar í fjölmiðlum þar sem ályktun stefndu hafi verið tekin orðrétt upp.

Ef ekki verður fallist á að í ummælunum felist ærumeiðandi aðdróttun sé til vara á því byggt að þau feli í sér ærumeiðandi móðgun og fari í bága við 234. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

Stefnandi mótmælti þeim hluta málflutnings stefndu sem of seint fram komnum, þar sem vísað sé til ummæla skýrslu sannleiksnefndar, enda sé ekkert vísað til skýrslunnar í greinargerð stefndu.

Miskabótakrafa stefnanda er á því reist að stefndu hafi með ummælum sínum veist með alvarlegum hætti og af ásetningi að æru stefnanda. Æra stefnanda og virðing hafi beðið hnekki við ummælin, enda hafi með þeim verið vegið að persónu

stefnanda og gerð atlaga til að rýra hann trausti sem formanns Blindrafélagsins. Með því hafi stefndu framið ólögmdæta meingerð gagnvart stefnanda sem stefndu beri skaðabótaábyrgð á, enda um ærumeiðandi aðdróttun að ræða sem bæði sé röng og borin út og birt opinberlega gegn vitund stefnanda.

Stefnandi telur að við mat á miskabótum stefnanda til handa verði að hafa í huga að ummæli þau er stefndu viðhöfðu í ályktun sinni, hafi komið rækilega fyrir sjónir almennings og ekki hafi verið reynt að draga úr umfjöllun fjölmiðla, sem hafi verið afar yfirgripsmikil, eða draga í land ásakanir í garð stefnanda á félagsfundi. Beri einnig að hafa hugfast að stefndu hafi verið í stjórn Blindrafélagsins þegar ummælin voru látin falla og höfðu ummælin af þeirri ástæðu gríðarlegt vægi.

Miskabótakrafa stefnanda sé því hófleg. Stefnandi njóti verndar 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, 8. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu og XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Skilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993 séu fyrir hendi til að taka kröfu stefnanda til greina.

Kröfu um birtingu dóms í tveimur dagblöðum byggir stefnandi á 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í ákvæðinu sé kveðið á um að dæma megi þann sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun, til þess að greiða þeim sem misgert var við hæfilega fjárhæð, til þess að kosta birtingu dóms í opinberu blaði eða riti, einu eða fleiri. Fjallað hafi verið um málið í flestum fjölmiðlum og ummælin því komið fyrir sjónir allmargra. Mikilvægt sé að leiðrétta þá röngu mynd sem almenningur kundi að hafa af stefnanda eftir opinbera umfjöllun fjölmiðla um málið, sem hafi verið yfirgripsmikil og birst m.a. á ruv.is, visi.is og mbl.is, þar sem ályktunin hafi verið orðrätt tekin upp, sem fyrr greini. Í ljósi þess hve málið hafi hlotið mikla umfjöllun og um hve alvarleg meiðyrði og aðdróttanir hafi verið um að ræða, sé nauðsynlegt að kynna ómerkingardóminn rækilega. Stefnandi krefjist þess því að stefndu verði óskipt dæmd til að greiða honum kostnað vegna birtingar í fjölmiðlum.

Um lagarök vísar stefnandi til ákvæða almennra hegningarlaga nr. 19/1940, aðallega XXV. kafla laganna um ærumeiðingar og brot á friðhelgi einkalífs, sérstaklega 234. gr., 235. gr., 1. og 2. mgr. 241. gr. og 3. tl. 242. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá vísar stefnandi til 51. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Stefnandi vísar jafnframt til 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Krafa um miskabætur er byggð á b-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993. Kröfur um vexti og dráttarvexti styður stefnandi við II., III. og IV. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Kröfur um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Vegna varnarþings vísar stefnandi til 1. mgr.

42. gr. sömu laga.

### III

#### *Málsástæður og lagarök stefndu*

Stefndu mótmæla öllum málsástæðum og lagarökum stefnanda. Ummæli stefndu hafi á engan hátt verið ólögmet, enda vel innan þess tjáningarfrelsis sem stefndu sé tryggt samkvæmt 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefndu segja ummælin ekki ærumeiðandi, þau feli ekki í sér aðdróttun og eigi þannig ekki við tilvísanir til 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Af sömu ástæðu séu ekki skilyrði til þess að ómerkja ummælin samkvæmt 241. gr. sömu laga. Þá feli ummælin ekki í sér ólögmetta meingerð gagnvart stefnanda og skilyrði miskabóta skv. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 séu þannig ekki til staðar.

Stefndu telja að stefnandi beri sönnunarbyrðina fyrir því að uppfyllt séu skilyrði þeirra lagaákvæða sem hann hafi vísað til. Þá beri hann sönnunarbyrðina fyrir þeim atvikum sem hann byggir á og þeirri huglægu afstöðu sem hann fullyrði að stefndu hafi haft. Þannig beri stefnanda t.d. að sanna að stefndu hafi haft slæmar hvatir þegar ákvörðun hafi verið tekin og að stefndu hafi verið í vondri trú um staðreyndir málsins.

Stefndu benda á að samkvæmt 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 séu allir frjálsir skoðana sinna og sannfæringar og sé það í samræmi við 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur hafi verið hér á landi með lögum nr. 62/1994. Vissulega sé hægt að setja tjáningarfrelsinu skorður séu þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Dómafrankvæmd Hæstaréttar Íslands og Mannréttindadómstóls Evrópu beri með sér að miklar kröfur séu gerðar til þess að sýnt sé fram á að takmörkun tjáningarfrelsis sé nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Engin nauðsyn sé til að takmarka rétt stefndu til ummæla á borð við þau sem mál þetta snúist um. Einkum þegar litið sé til þess að ummælin tengist alvarlegu máli, eðli Blindrafélagsins, stöðu stefnanda sem formanns Blindrafélagsins og uppsögn hans úr starfi.

Stefndu segja ummælin ekki sett fram ein og sér og hafi þau verið til útskýringar fyrir félagsmenn. Eins og fram hafi komið hafi stjórnin talið að upp væri kominn trúnaðarbrestur milli stefnanda, sem formanns Blindrafélagsins, og stjórnar félagsins, sem stefndu skipuðu. Af því tilefni hafi stjórnin talið ótækt að aðhafast ekkert, heldur hafi verið rétt og skylt að grípa til aðgerða. Úr hafi orðið að stjórnin hafi lýst yfir vantrausti á stefnanda, rift ráðningarsamningi hans og afturkallað skipun hans í ráð og nefndir á vegum félagsins.

Þessi ákvörðun eða ályktun stjórnarinnar sé meginatriði málsins. Ummælin, sem mál þetta fjalli um, hafi þannig augljóslega ekki verið sett fram í þeim tilgangi að „koma höggi á stefnanda“ eða af öðrum hvötum sem haldið er fram í stefnu. Ummælin hafi ekki verið sett fram ein og sér til þess að hafa sérstök áhrif. Ummælin hafi verið birt til þess að upplýsa félagsmenn um þá ákvörðun sem stjórnin hafði tekið. Ákvörðunin hafi verið þess eðlis að ekki hafi verið hægt að leyna félagsmenn henni og um leið hafi félagsmenn átt rétt á því að vita ástæður sem lágu að baki.

Ummælin hafi þannig ekki verið sett fram sem sjálfstæð yfirlýsing heldur sem órjúfanlegur hluti af ákvörðun stjórnar um að rifta samningi við stefnanda. Ákvörðunin sé í raun grundvöllurinn en yfirlýsingin aðeins birt til upplýsingar um ákvörðunina.

Öll umfjöllun um lögmati yfirlýsingarinnar sé þannig nátengd ákvörðun stjórnarinnar. Ummælin ein og sér verði ekki ómerkt eða gerð að grundvelli miskabóta nema ákvörðunin sjálf verði fundin ólögmat. Stefnandi hafi ekki borið ákvörðunina sjálfa undir dóm og reynt að fá henni hnekk eða ólögmati hennar viðurkennt. Í því felist viðurkenning á því að stefnandi uni ákvörðuninni.

Í málinu sé þannig ekki deilt um ákvörðunina sjálfa, hún liggja fyrir óhöggud. Stefnandi geti ekki unað ákvörðuninni og sleppt því að bera hana undir dóm en farið í meiðyðamál við stefndu fyrir það eitt að hafa upplýst um ákvörðunina og forsendur hennar. Til þess að fá úr því skorið hvort ákvörðunin og forsendur stefndu hafi verið lögmætar hefði stefnandi þurft að bera ákvörðunina sjálfa, mögulega ásamt birtingu ummælanna, undir dómstóla. Ummælin séu rökstuðningur fyrir því að stefnandi var rekinn úr starfi sínu fyrirvaralaust. Í ummælunum komi fram raunveruleg ástæða fyrir ákvörðun stjórnarinnar. Stjórnin hafi talið háttsemina fela í sér dómgreindarbræst. Stjórnin hafi því ekki getað sleppt því að upplýsa félagsmenn um raunverulegar ástæður og þaðan af síður gefið aðrar ástæður fyrir ákvörðuninni.

Stefndu telja ummælin fela í sér gildisdóm. Verði að skoða yfirlýsinguna í heild sinni í samhengi við allt orðalag hennar og í samhengi við þau málsatvik sem hafi verið ástæða hennar. Ummælin hafi ekki verið sett fram ein og sér og ekki ætluð til að koma höggi á stefnanda. Ummælin hafi verið til útskýringar fyrir félagsmenn Blindrafélagsins. Það hafi ekki verið tilgangur stefndu að niðurlægja stefnanda eða vega að honum á neinn hátt. Yfirlýsingin hafi einfaldlega verið nauðsynleg í samhengi þeirra atvika sem höfðu átt sér stað. Í ummælunum felist ekki fullyrðing um refsiverða háttsemi, heldur sú skoðun stefndu að athæfi stefnanda hafi verið siðferðislega rangt og ekki samrýmst stöðu hans sem formanns Blindrafélagsins. Í ummælunum hafi þannig falist gildisdómur og mat stefndu á því

hvernig formanni Blindrafélagsins ber að haga sér. Beri orðalag yfirlýsingarinnar það berlega með sér að vera gildisdómur sem feli í sér mat stjórnar á siðferðilegum efnum. Þannig komi skýrt fram í orðalaginu: „Að mati stjórnar“ og „siðferðilegt dómgreindarleysi“ sem geti ekki vísað til annars en gildisdóms. Öll önnur framsetning beri einnig skýrlega með sér að ummælin séu skoðun stjórnarinnar og mat hennar á málsatvikum.

Stefndu telja að ekki þurfi að sanna siðferðilegt gildismat stefndu. Sú skoðun stefndu að stefnandi hafi sýnt af sér dómgreindarrest og brugðist trausti sé einfaldlega álit stefndu. Aðrir gætu mögulega haft aðra skoðun á háttseminni en það skipti ekki máli. Stefndu sé heimilt að tjá skoðun sína og stefnandi verði að þola þá skoðun stefndu á athæfi hans. Gildisdómar falli innan tjáningarfrelsisins og þess sem aðrir verði að þola í lýðræðisþjóðfélagi.

Stefndu byggja á því að staðhæfingarnar séu réttur og stefndu a.m.k. í góðri trú. Verði talið að ummælin feli í sér staðhæfingar sem stefndu beri að sanna þá séu ummælin engu að síður lögmæt. Stefndu hafi haft réttmætt tilefni til ummællanna miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar. Eins og rakið hafi verið höfðu stefndu upplýsingar um að stefnandi hefði átt í mjög óeðlilegum „viðskiptum“ með A. Stefndu hafi byggt ákvörðun sína og ummælin á fullnægjandi upplýsingum. Í því samhengi sé mikilvægt að ítreka að stefnandi hafi ekki enn útskýrt með trúverðugum hætti öll þau vafasömu atriði sem ákvörðun stefndu hafi byggt á.

Grundvallaratriði málsins að mati stefndu séu þau að stefnandi hafi verið formaður Blindrafélagsins og vingast við ungan félagsmann sem hafi staðið höllum fæti í lífinu og gagnvart stefnanda. Stefnandi hafi fengið þennan unga félagsmann til þess að greiða sér rúmlega 1.600.000 krónur inn á persónulegan bankareikning stefnanda. Tilvísanir stefnanda til þess að A væri fjárráða og að þeir starfræktu fasteignafélag hafi alls ekki verið fullnægjandi. Framlag A hafi verið langt umfram hlutdeild hans í félaginu og allar upplýsingar stefnanda til A ýmist verið óljósar eða rangar.

Stefnandi hafi enn ekki gefið trúverðugar skýringar á því hvers vegna greiðslum A hafi verið beint inn á persónulegan reikning stefnanda. Þá hafi ekki verið útskýrt hvernig hann hafi ráðstafað fjármunum A eftir að þeir hafi borist inn á persónulegan reikning stefnanda. Hafi fjármunirnir runnið til félagsins þarf stefnandi að útskýra hvers vegna A greiddi langt umfram það sem stefnandi og faðir hans greiddu til félagsins. Stefnandi hafi gefið mjög mismunandi skýringar á málsatvikum, ýmist kallað þau hluthafalán, hlutafjárhækkun o.s.frv. Þá séu ýmsar skýringar stefnanda gríðarlega ótrúverðugar, eins og t.d. sú fullyrðing að A hafi lagt fjárhæðir inn á persónulegan reikning stefnanda vegna þess að ómögulegt hafi verið að leggja inn á reikning félagsins.

Byggja stefndu á því að ummæling hafi þannig a.m.k. verið látin falla í góðri trú um málsatvik, enda hafi þau byggt á upplýsingum sem stefndu höfðu kynnt sér þegar ákvörðunin hafi verið tekin og ummælin sett fram. Rétt sé að ítreka að engar nýjar upplýsingar hafa síðar komið fram sem hafi gefið aðra mynd af málsatvikum en stefndu hafi lagt til grundvallar þann 22. september 2015.

Ummæli sem séu sönn, séu stefndu og öðrum að vítalausu. Það sama eigi við ef stefndu höfðu réttmætt eða nægjanlegt tilefni til að ætla að ummælin væru sönn, þ.e. ef stefndu hafa verið í góðri trú um staðreyndir. Góð trú endurspeglar í því að stefndu séu sex mismunandi manneskjur sem allar hafi komist að sömu ályktun um háttsemi stefnanda. Stefnandi þurfi að sýna fram á að stefndu hafi með samanteknum ráðum ákveðið að haga orðum sínum gegn betri vitund. Ekkert liggi fyrir um slíkt, enda hafi ekki átt sér stað neitt samsæri, allir stjórnarmenn hafi einfaldlega verið sammála um að háttsemin væri ósiðleg.

Stefndu benda á að stefnandi hafi verið í sérstakri stöðu þegar samskipti hans og As hafi átt sér stað og einnig þegar ummælin féllu. Stefnandi hafi verið opinber persóna sem formaður Blindrafélagsins. Aðrar kröfur hafi orðið að gera til háttsemi hans, einkum í samskiptum við unga, óreynda félagsmenn í Blindrafélaginu. Að sama skapi hafi stefnandi orðið, stöðu sinnar vegna, að þola meiri umfjöllun um sig og störf sín, einkum ef störf hans tengdust félagsmönnum Blindrafélagsins. Þessi sjónarmið eiga svo enn betur við í allri umræðu innan Blindrafélagsins og gagnvart stjórn félagsins. Stefndu höfðu þannig rýmkað tjáningarfrelsi gagnvart stefnanda.

Við mat á ummælunum og orðalagi þeirra verði að líta til stöðu stefnanda, stöðu stefndu sem stjórnarmanna og eðli Blindrafélagsins. Stefnandi hafi borið sérstakan trúnað gagnvart félaginu, félagsmönnum þess og stjórn. Sá trúnaður hafi átt við í samskiptum stefnanda við félagsmenn utan veggja félagsins. Í ljósi þess að stjórn hafi talið þennan trúnað brotinn hafi ekkert athugavert verið við orðfæri ummæla stjórnarmanna. Þeim hafi verið rétt og skylt að lýsa yfir fordæmingu á athæfinu, enda hafi stefndu þótt háttsemin vera ósamrýmanlegt stöðu stefnanda. Í raun hefði verið alvarlegt ef stefndu hefðu fengið upplýsingarnar en ekkert aðhafst þrátt fyrir að vera öll á þeirri skoðun að háttsemin væri óásættanleg. Með slíku athafnaleyssi hefðu stefndu brotið gegn skyldum sínum sem stjórnarmenn Blindrafélagsins. Stefndu hafi ekki getið setið hjá og aðhafst ekkert eftir að hafa fengið upplýsingar um háttsemi stefnanda, formanns félagsins. Stefndu hafi talið nauðsynlegt að gæta orðspors Blindrafélagsins og gefa skýrt til kynna að slík hegðun væri ekki ásættanleg. Þá hafi stefndu talið að ekki væri rétt að leynd þessum atvikum fyrir félagsmönnum. Þvert á móti hafi verið rétt að upplýsa félagsmenn um málsatvik. Í þessu samhengi sé minnt á að ekki hafi verið reynt að halda upplýsingum frá félagsmönnum eða koma í veg fyrir að mismunandi sjónarmið

kæmust að. Boðað hafi verið til opins félagsfundar viku síðar þar sem allir félagsmenn gátu fengið nánari útskýringar og rætt málið.

Að mati stefndu eru orð þeirra eins hófstíllt og varfærin og hægt hafi verið miðað við tilefnið. Stefndu hafi haft upplýsingar um að stefnandi hefði fengið A til að greiða sér fé, eins og lýst hafi verið að framan. Orðalagið í yfirlýsingunni sé þannig mun vægara en orð sem vísi beint til refsiverðrar háttsemin eins og t.d. „svik“ o.fl. Þess í stað komi skýrt fram að stjórnin telji stefnanda hafa brugðist trausti stjórnarmanns og sýnt af sér „siðferðilegt dómgreindarleysi“.

Stefndu hafi með þessum orðum ekki verið að fullyrða að stefnandi hefði framið refsiverða háttsemi. Aftur á móti hafi stefndu talið að háttsemin væri ekki boðleg hjá formanni Blindrafélagsins í samskiptum hans við ungan félagsmann. Eins og áður segi komi raunar skýrt fram í yfirlýsingunni að ummælin byggist á „mati stjórnar“ á fyrirliggjandi upplýsingum. Ummælin hafi ekki verið sett fram til að særa stefnanda. Þau hafi verið sett fram að gefnu tilefni og hafi falið í sér mat stefndu á fyrirliggjandi atvikum. Þau hafi verið nauðsynleg til að útskýra fyrir félagsmönnum ákvörðun sem stefndu neyddust til að taka.

Að mati stefndu varði ummælin þjóðfélagshagsmuni. Rétt sé að ítreka að stefndu hafi einungis birt ummælin á heimasíðu Blindrafélagsins, enda hafi verið um að ræða útskýringu á ákvörðun og hafi hún verið ætluð félagsmönnum. Stefndu hafi ekki breitt út til fjölmiðla þau ummæli sem stefnandi krefst ómerkingar á. Fjölmiðlar hafi tekið þá ákvörðun að birta yfirlýsinguna, og hafi stefndu engan atbeina haft að því. Það að flestir fjölmiðlar hafi ákveðið að vinna frétt upp úr yfirlýsingunni bendi þó augljóslega til þess að um hafi verið að ræða málefni sem hafi átt erindi til almennings. Rýmra tjáningarfrelsi gildi um ummæli sem eigi erindi við almenning og varði þjóðfélagshagsmuni. Eins og áður hafi verið rakið sé staða Blindrafélagsins og formanns þess sérstök. Með því að bjóða sig fram og gegna slíkri stöðu hafi stefnandi komið sér í aðstöðu sem opinber persóna. Sem slíkur hafi stefnandi orðið að þola að um hann og störf hans væri rætt á opinberum vettvangi, einkum ef umræðan beindist að ætluðu misferli gagnvart félagsmönnum. Nauðsynlegt hafi verið að varðveita orðspor Blindrafélagsins og að enginn vafi væri á því að ámælisverð hegðun stjórnenda félagsins gagnvart ungum, óreyndum félagsmanni væri óásættanleg. Þá hafi verið talið mikilvægt að slík mál væru ekki þöggðu niður og hylmt yfir þau.

Stefndu telja rétt í þessu sambandi að benda á að þau hafi ekkert tjáð sig við fjölmiðla og ekkert gert til þess að mál þetta yrði fréttæfni, hvorki í aðdraganda ákvörðunarinnar né dagana og vikurnar á eftir. Aftur á móti hafi stefnandi sjálfur verið mjög virkur í því að blása málið upp sem fréttæfni, hafi hann mætt í fjölda viðtala o.s.frv. Sú mikla athygli sem málið hafi fengið, hafi þannig ekki síst verið af

hans völdum. Hann hafi komið sjónarmiðum sínum að á mörgum fjölmiðlum og sagt sína sögu og fært fram sínar útskýringar. Umfjöllun stefnanda hafi m.a. falið í sér staðhæfingar í garð stefndu, eða hluta þeirra, sem ekki eigi sér nokkra stoð í raunveruleikanum. Stefndu hafi þó ekki kvartað yfir þeirri umfjöllun.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og innan þeirrar sýknukröfu felist allar kröfur sem gangi skemur.

Stefndu byggja jafnframt á því að jafnvel þótt ummælin, eða einhver hluti þeirra, verði dæmd dauð og ómerk þá séu skilyrði miskabóta ekki til staðar. Stefndandi sjálfur geri þá kröfu að „við mat á miskabótakröfu [beri] að líta til 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940“. Þessi málsástæða sé mjög óljós og algerlega órökstudd, enda sé ekki krafist refsingar í málinu. Þó beri að geta tveggja atriða í því sambandi. Annars vegar að mat á skilyrðum miskabóta miðist við ásetning til brotsins, enda sé það í samræmi við huglægar kröfur ofangreindra lagaákvæða. Hins vegar geri 1. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga þá kröfu að ærumeiðandi aðdróttun hafi verið höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund. Verða miskabætur þannig ekki dæmdar nema sýnt sé fram á að stefndu hafi vitað betur en komi fram í ummælunum, þ.e. að þau hafi beinlínis sagt ósatt. Stefndandi beri auðvitað sönnunarbyrðina fyrir því samkvæmt meginreglum um sönnunarbyrði í refsirétti og skaðabótarétti.

Verði talið að skilyrði miskabóta séu til staðar þá krefjast stefndu verulegrar lækkunar, enda sé sú fjárhæð sem stefndandi geri kröfu um í engu samhengi við dómafordæmi. Sönnunarbyrði um tjón og umfang þess hvíli á þeim sem krefjist bótanna. Hér verði að lokum að geta þess að b-liður 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sé einungis heimildarákvæði og því sé dómstólum ekki skylt að dæma miskabætur jafnvel þótt þeir telji að öllum skilyrðum ákvæðisins og stjórnarskrárinnar sé fullnægt. Dómstólar hafi þannig svigrúm við þessar aðstæður til að meta hvort aðstæður allar leiði engu að síður til þess að ekki beri að dæma miskabætur.

Krafa stefnanda um greiðslu kostnaðar við birtingu dóms sé byggð á 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Það ákvæði eigi hins vegar eingöngu við um „þann, sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun“. Ákvæðið vísi þannig til þess að maður þurfi að vera sakfelldur fyrir brot gegn 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga, sem fjalli um ærumeiðandi aðdróttanir. Þessi krafa stefnanda eigi því engan rétt á sér í þessu máli þar sem ekki sé krafist refsingar samkvæmt ofangreindum ákvæðum. Auk þess telja stefndu enga ástæðu til þess að greiða kostnað af birtingu dóms. Fari svo að dómur falli stefnanda í hag sé rétt að birting fari fram á sama vettvangi og þau ummæli sem málið er sprottið af, þ.e. á heimasíðu Blindrafélagsins, blind.is. Stefndu hafi hvorki miðlað né samþykkt

miðlun ummælanna til annarra fjölmiðla en heimasíðu félagsins, sbr. 1. mgr. 51. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011.

Verði fallist á kröfu um miskabætur og vexti telja stefndu að framangreind sjónarmið eigi a.m.k. að leiða til þess að vextir verði ekki dæmdir fyrr en að liðnum mánuði frá dómsuppsögu, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Um önnur lagarök vísa stefndu um málskostnaðarkröfu til 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

#### IV

##### *Niðurstæða*

Stefndu telja kröfugerð málsins óljósa og órökstudda, enda sé ekki krafist refsingar í málinu. Þá hafi ummælin ekki verið sett fram sem sjálfstæð yfirlýsing, heldur sem hluti af ákvörðun stjórnar og til útskýringar fyrir félagsmenn og ekki sé hægt að krefjast ómerkingar ummæla í ákvörðun, nema að ákvörðunin sjálf verði fundin ólögmat.

Um þetta atriði þykir nægjanlegt að vísa almennt til dómaframkvæmdar Hæstaréttar þar sem dæmt hefur verið í málum sem þessum með vísan til ákvæða almennra hegningarlaga nr. 19/1940, án þess að refsingar sé jafnframt krafist, og heimild stendur til í 3. mgr. 242. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá eru engin lagarök eða nauðsyn sem liggur því til grundvallar að haga verði kröfugerð með þeim hætti að jafnframt sé krafist ógildingar ákvörðunar þeirrar þar sem ummælin birtust.

Stefnandi krefst þess að eftirfarandi tvenn ummæli verði dæmd dauð og ómerk með vísan til 1. mgr. 51. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011, sbr. og til 234. gr., 235. gr., 1. og 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

- a. *vélað ungan félagsmann til að leggja allt sitt sparifé í fasteignabrask honum tengt.*
- b. *þá hefur formaður með athæfi sínu misnotað vald sitt og brugðist trausti þessa unga félagsmanns og þar með sýnt af sér siðferðislegt dómgreindarleysi.*

Stefndu vísa til þess að ummælin feli í sér gildisdóm sem falli innan tjáningarfrelsis 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Séu staðhæfingar réttar, a.m.k. hafi þær verið settar fram í góðri trú auk þess sem við eigi rýmkað tjáningarfrelsi, enda sé stefnandi opinber persóna.

##### Ummæli í staflíð a í stefnu:

Stjórn Blindrafélagsins átti sjálf engra hagsmuna að gæta tengda B eða hafði við það viðskiptaleg tengsl. Þá er það ekki tilgangur eða hlutverk stjórnar Blindrafélagsins að hafa eftirlit með nefndu félagi eða að kveða á um það hvort

réttilega hafi verið staðið að stofnun þess félags eða hvernig hlutafjárframlagi félagsins hafi verið háttáð. Stjórn Blindrafélagsins var ekki rétti aðilinn til þess að kveða á um, hvað væri rétt og rangt um þau atriði milli tveggja einstaklinga, þótt þeir einstaklingar hafi báðir verið stjórnarmenn í Blindrafélaginu.

Í máli þessu eru ekki forsendur til þess að ákvarða hvort pottur hafi verið brotinn í starfsemi B Fyrir dóminn komu vitni með sérfræðipækkingu og staðfestu að réttilega hefði verið staðið að stofnun félagsins lögum samkvæmt og að eign A hafi verið þar skráð, sama hvernig greiðslum A inn á reikning stefnanda var háttáð. Þá liggur fyrir staðfesting í málinu um að A hafi fengið alla sína fjármuni greidda út úr félaginu.

Í fundargerð stjórnar Blindrafélagsins þann 22. september 2015 segir að stefndu hafi undir höndum upplýsingar sem feli í sér að mjög alvarlegur trúnaðarbrestur sé kominn upp milli stefnanda og stefndu, „ef réttar væru“. Er jafnframt fært til bókar að A, varamaður í stjórn félagsins, hafi óskað eftir því að stjórnin aðstoðaði hann við að ná til baka fjármunum sem stefnandi hefði haft út úr honum.

Stefndu höfðu í þrjú daga fyrir fundinn rætt málefnið sín á milli og ákveðið að hafa leynd um málið, auk þess sem gerð voru drög að umþrættari ályktun þegar þann 21. september 2015, út frá þeim gögnum sem stefndu höfðu þá undir höndum. Þau gögn voru tölvuskeyti og greiðsluseðlar sem A lét þeim í té og vottorð hlutafélagaskrár um B sem stefndu öfluðu.

Stefndu fengu engin frekari gögn í hendur áður en ályktunin var birt, en báru að þau hefði sannfærst um að ávirðingarnar væru réttar út frá afstöðu stefnanda sjálfs á nefndum fundi. Hefði orðalag ályktunarinnar eftir það verið mikið rétt og orðin „að féflétta“, „að svíkja“ og „plata“ komið upp í þeirri umræðu, en þau hafi annaðhvort verið talin of harkaleg eða of léttvæg en sumir hinna stefndu báru að þeir hefðu viljað taka sterkar til orða en gert hefði verið.

Af þessu er ljóst að stefndu töldu háttsemi stefnanda refsiverða áður en fundur stjórnar var haldinn þann 22. september 2015. Ályktunin var byggð á takmörkuðum hlutlægum og munnlegum upplýsingum án þess að stefndu hefðu fulla yfirsýn yfir málefnið. Með vísan til framangreinds geta stefndu ekki byggt á því í um staflið a í stefnu að þau hafi verið í góðri trú um réttmæti yfirlýsingarinnar.

Að mati dómsins verða ummælin „að véla“, í samhengi með öðrum ummælum í ályktuninni, ekki skilin með öðrum hætti en verið sé að vísa til þess að stefnandi hafi blekkst viðkomandi einstakling til vafasamra viðskipta og haft af honum allt sparifé hans. Er jafnframt vísað til þess að „málið“ sé komið í hendur á lögmanni. Er þannig gefið í skyn að stefnandi hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi, háttsemi sem gæti átt undir 248. gr. eða 253. gr. almennra hegningarlaga nr.

19/1940, ef rétt væri.

Í ályktun stefndu segir: „Málsatvik eru þau ...“. Orðalag ályktunarinnar er ekki sett fram með þeim hætti að um gildisdóm sé að ræða, heldur felist í því fullyrðing um tiltekna refsiverða háttsemi. Sönnun fyrir réttmæti þessara ummæla hvílir á stefndu.

Í greinargerð stefndu segir að A hafi kært stefnanda til lögreglu, en ekkert er sannað um þá staðhæfingu. Ekki liggur fyrir í hverju meint blekking eða vélun hafi verið fólgin, enda ekki ljóst af gögnum málsins hjá hverjum frumkvæðið var að þessum samskiptum og ekki liggur fyrir að ásetningur hafi staðið til þess hjá stefnanda að hafa af nefndum einstaklingi fé. Eru ummælin því ósönnuð.

Með vísan til alls framangreinds er ekki hægt að fallast á það með stefndu að um hafi verið að ræða gildisdóm sem falli innan tjáningarfrelsis þeirra. Þá er með sama hætti ekki hægt að fallast á þá málsástæðu stefndu að framangreind atriði tengdu nefndu hlutafélagi hafi varðað þjóðfélagshagsmuni eða að við eigi rýmkað tjáningarfrelsi um það málefni gagnvart stefnanda á þeim grundvelli að stefnandi hafi verið opinber persóna.

Óumdeilt er að ummælin voru birt á heimasíðu Blindrafélagsins, blind.is að beiðni stefndu, sem bera því ábyrgð á ummælunum samkvæmt ákvæði a-liðar 1. mgr. 51. gr. laga nr. 38/2011, um fjölmiðla.

Með vísan til framangreinds verður talið að ummælin í staflíð a lið í stefnu, *vélað ungan félagsmann til að leggja allt sitt sparifé í fasteignabrask honum tengt*, hafi falið í sér ærumeiðandi aðdróttun í garð stefnanda í merkingu 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verða hin óviðurkvæmilegu ummæli dæmd ómerk að kröfu stefnanda, með vísan til 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

#### Ummæli í staflíð b í stefnu:

Í nefndum ummælum er vísað til þess að það sé mat stjórnar félagsins að stefnandi hafi með athæfi sínu misnotað vald sitt, brugðist trausti og sýnt af sér siðferðislegt dómgreindarleysi.

Ekki voru til skráðar siðareglur eða starfsreglur hjá stjórn Blindrafélagsins á þeim tíma sem mál þetta tekur til og ekki hefur af hálfu stefndu verið sýnt fram á skyldu stefnanda til þess að upplýsa stjórn Blindrafélagsins um viðskiptaleg tengsl sín.

Með orðinu „athæfi“ stefnanda í ummælunum, verður ekki fullyrt í öðru samhengi að verið sé að vísa til refsiverðrar háttsemi, heldur til þess að það sé mat stefndu að stefnandi hafi sem formaður Blindrafélagsins brotið óskráðar siðareglur Blindrafélagsins með því að upplýsa ekki um framangreind viðskiptatengsl hans við annan stjórnarmann. Ekki er talið að í ummælunum felist móðgun eða aðdróttun um eitthvað sem ekki er fótur fyrir, enda óumdeilt að framangreind

viðskiptatengsl áttu sér stað og ekki er óeðlilegt að stjórn Blindrafélagsins hafi á því siðferðislega skoðun og ákveði að leggja þá skoðun fyrir félagsfund til ákvörðunar.

Með vísan til framangreinds telst vera um að ræða gildisdóm um staflíð b í stefnu, um málefni sem stefnandi, sem formaður Blindrafélagsins, þurfti að þola umræðu um. Verður því ekki fallist á að ómerkja þau ummæli og stefndu sýknuð af þeirri kröfu.

\*\*\*

Stefnandi krefst þess að stefndu verði gert að greiða honum óskipt 1.800.000 krónur í miskabætur, auk nánar tilgreindra vaxta og dráttarvaxta. Krafan er byggð á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Í hinum ómerkту ummælum stefndu í a-lið stefnu, fólst ólögmat meingerð gegn æru og persónu stefnanda. Eru ummælin meinlegri fyrir þær sakir að þau eru borin fram sem hluti rökstuðnings fyrir vantrausti og riftun á ráðningarsamningi og afturköllun skipunar hans í ráð og nefndir sem fulltrúa Blindrafélagsins.

Stefndu bera óskipta ábyrgð á því ófjárhagslega tjóni stefnanda sem af ummælunum leiddi samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalagalaga. Þykja miskabætur stefnanda til handa, að öllum atvikum máls virtum, hæfilega ákveðnar 900.000 krónur, með vöxtum og dráttarvöxtum svo sem nánar greinir í dómsorði.

Stefnandi gerir kröfu um að stefndu verði dæmd til að greiða honum óskipt 500.000 krónur til að kosta birtingu á forsendum og dómsorði í máli þessu í tveimur dagblöðum og er krafan studd ákvæði 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Til þess er að líta að hin ómerkту ummæli voru birt á heimasíðu Blindrafélagsins, blind.is þótt þau hafi síðar ratað í fjölmiðla. Þykja því ekki nægjanleg efni til þess að dæma stefndu til að greiða stefnanda peningafjárhæð til að kosta birtingu dómsins opinberlega í tveimur dagblöðum.

Með vísan til úrslita málsins, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, þykir rétt að dæma stefndu til að greiða stefnanda óskipt hluta málskostnaðar hans, sem er að mati dómsins með þeim hætti sem nánar greinir í dómsorði, að teknu tilliti til greiðslu virðisaukaskatts.

Dóm þennan kveður upp Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari.

### **DÓMSORÐ:**

Eftirtalin ummæli í kröfulið a í stefnu skulu vera dauð og ómerk: *vélað ungan félagsmann til að leggja allt sitt sparifé í fasteignabrask honum tengt.*

Stefndu, Halldór Sævar Guðbergsson, Baldur Snær Sigurðsson, Rósa María Hjörvar, Lilja Sveinsdóttir, Guðmundur Rafn Bjarnason og Rósa Ragnarsdóttir,

skulu sýkn af kröfu stefnanda, Bergvins Oddsonar, um ómerkingu ummæla þeirra sem um getur í kröfulið b í stefnu.

Stefndu greiði stefnanda óskipt 900.000 krónur í miskabætur með 4,7% vöxtum, skv. 4. gr. laga nr. 38/2001, sbr. og 8. gr. sömu laga, frá 22. september 2015 til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, sbr. og 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda óskipt 750.000 krónur í málskostnað.

Bogi Hjálmtýsson